

Nr. 769

12. ágúst 2014

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 598/2011
fyrir Tónlistarsjóð Hörpu fyrir ungt fólk.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

8. gr. orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Reikningar félagsins skulu unnir af skoðunarmanni, sem stjórn velur, og skal þeirri vinnu vera lokið eigi síðar en 31. mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Tónlistarsjóð Hörpu fyrir ungt fólk staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 12. ágúst 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2014